

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði mánudaginn 18. desember 2017 vegna dómarskýrslu dags. 13. desember 2017, þar sem tilkynnt var um óíþróttamannslega framkomu af hálfu leikmanns KFR-Lærlinga þar sem hann hafi gefið leikmanni í öðrum leik í húsinu puttann og kallað að honum „fuck you“. Leitað var skýringa KFR-Lærlinga á dómarskýrslunni sem gekkst við því að hafa gefið leikmanninum puttann en taldi sig ekki hafa kallað til hans.

Í 4. gr. a. reglugerðar KLÍ fyrir aganefnd kemur fram að veita skuli 2 refsistig fyrir minniháttar óþrúðmannlega framkomu að mati aganefndar.

Að mati aganefndar er það að gefa öðrum leikmanni puttann, óháð því hvort jafnframt hafi verið kallað „fuck you“ eða ekki, minniháttar óþrúðmannleg framkoma.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat aganefndar að veita skuli Arnari Davíð Jónssyni, leikmanni KFR-Lærlinga, tvö refsistig.

Úrskurðarorð

Arnari Davíð Jónssyni veitist hér með 2 refsistig.

Gunnar Þór Ásgeirsson, formaður aganefndar

Hörður Ingi Jóhannsson

Árni Þór Finnsson